DIGITAL SIGNATURE 13.12.2023 09:57:49 GMT
Björn Ingimarsson
Björn Ingimarsson
Reason: Signature
DIGITAL SIGNATURE 13.12.2023 10:17:30 GMT
Þórdís Sif Sigurðardóttir
Þórdís Sif Sigurðardóttir
Reason: Signature
DIGITAL SIGNATURE 13.12.2023 10:28:57 GMT
Jón Björn Hákonarson
Jón Björn Hákonarson
Reason: Signature
DIGITAL SIGNATURE 13.12.2023 10:58:28 G
Fannar Jónasson
Fannar Jónasson
Reason: Signature
DIGITAL SIGNATURE 13.12.2023 10:59:26 GMT
Heimir Örn Árnason
Heimir Örn Árnason
Reason: Signature
DIGITAL SIGNATURE 13.12.2023 13:24:24 GMT
Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir
Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir
Reason: Signature

# Fundargerð 77. fundar

## stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2023, miðvikudaginn 13. desember kl. 08:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jón Björn Hákonarson, Þórdís Sif Sigurðardóttir, Fannar Jónasson, Björn Ingimarsson, Heimir Örn Árnason og Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir.

Að auki sátu fundinn Valgerður Freyja Ágústsdóttir sem ritaði fundargerð.

Baldur Smári Einarsson og Íris Róbertsdóttir boðuðu forföll á fundinn.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Sjávarútvegsstefna og frumvarp til laga um sjávarútveg- óskað umsagnar - 2312001SU**

   Lagt fyrir frumvarp til laga um sjávarútveg og sjávarútvegsstefna sem birt voru í samráðsgátt stjórnvalda þann 24.11.2023.

   *Stjórn samtakanna leggur áherslu á að tekið verði tillit til starfsumhverfis sjávarútvegsins og byggðaþróunar í öllum breytingum sem til umræðu eru í áðurnefndu frumvarpi.*
   *Stjórn felur starfsmanni og formanni að ganga frá umsögn og senda á stjórnarmeðlimi til skoðunar.*
   *jafnframt hvetur stjórn aðildarsveitarfélög sín til að skoða vel frumvarpið og sjávarútvegsstefnu og veita við það umsagnir.*

2. **Frumvarp til laga um lagareldi- óskað umsagnar - 2312002SU**

   Lagt fyrir frumvarp til laga um lagareldi sem birt var í samráðsgátt stjórnvalda þann 6.12.2023.

   *Stjórn samtakanna leggur áherslu á að tekið verði tillit til starfsumhverfis í fiskeldi og byggðaþróunar í öllum breytingum sem til umræðu eru í áðurnefndu frumvarpi.*
   *Stjórn felur starfsmanni og formanni að ganga frá umsögn og senda á stjórnarmeðlimi til skoðunar.*
   *jafnframt hvetur stjórn aðildarsveitarfélög sín til að skoða vel frumvarpið og veita við það umsögn.*

Fundi var slitið kl. 08:30